

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu, um endurgjald fyrir að láta glerglugga í þjóðjarðarbaðstofu í stað skjáglugga.** — Með pókn- 79  
anlegu brjefi, dags. 31. jan. þ. á., hafið þjer, herra amtmaður, ásamt með paraðlútandi 20. júní.  
tillögum hlutaðeigandi umboðsmanns, sent hingað erindi Jóns bónda Davíðssonar á Kroppi, sem áður hefur haft klausturjörðina Litlahamar til ábúðar, fyrst að parti ásamt föður sínum Davíð Jónssyni, og síðan að öllu leyti, þangað til í fardögum 1879, þar sem hann fer þess á leit, að sjer verði endurgoldnar úr landssjóði 12 kr., sem er andvirði glugga, sem hann hefur tillagt baðstofunni á nefndri jörðu, meðan hann bjó þar, og sem ábúandi vildi ekki kaupa af honum, er hann fór burt af jörðunni, og kveðst hann hafa látið gluggann verða eptir, af því að umboðsmaðurinn, sem þá var, hefði lofað að reyna að útvega honum borgun fyrir hann úr landssjóði.

Útaf þessu skal yður hjermeð þjónustusamlega tjáð, til póknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að jeg eigi get tekið þessa beiðni Jóns bónda Davíðssonar til greina, og yfir höfuð er yður samdóma um, að þóað skjágluggar hafi verið á baðstofum eptir tízku þá, þegar ábúandi kom að jörðunni, þá eigi nú glergluggar á baðstofum að fylgja jarðarhúsunum, án þess að þeir fráfarendur, sem hafa lagt gluggana til, hafi heimting á endurgjaldi fyrir þá, eða rjett til að taka þá burtu.

**Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi um lán handa Kálfatjarnarprestakalli.** — Í tilefni af bónarbrjefi því frá prestinum til Kálfatjarnar, sjera 80  
Stefáni Thórarensen, er jeg meðtók með póknanlegu brjefi stiptsyfirvaldanna, dags. 13. 21 júní.  
aprílm. þ. á., hef jeg veitt Kálfatjarnarprestakalli 2500 kr. lán úr viðlagasjóði, sumpart til að fullgjöra steinhús, sem á að vera fjós og heyhlaða, og heyrir staðnum til, sumpart uppí kostnaðinn við endurbætur á húsum og jörð staðarins, móti því að lán þetta sje ávaxtað og endurborgað með 6 af hundraði eða 150 kr. á ári í 28 ár, og að nú þegar sjeu af því að öllu leyti endurborgaðar eptirstöðvar af skuld þeirri til viðlagasjóðsins, sem nú hvílir á brauði þessu.

Þetta læt jeg ekki hjá líða hjermeð þjónustusamlega að tilkynna hinum heiðrðu stiptsyfirvöldum til birtingar fyrir hlutaðeiganda.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu, um lán til búnaðarskólastofnunar fyrir báðar Múlasýslur.** — Í póknanlegu brjefi, dags. 20. 81  
febrúarm, þ. á., hafið þjer, herra amtmaður, farið þess á leit, og fyrir amtsráðsins hönd 25. júní.  
samþykkt, að báðar Múlasýslurnar fái 17000 kr. lán af fje því, sem ákveðið er í fjárlögunum fyrir 1882 og 1883 að lána megi úr viðlagasjóði til stofnunar búnaðarskóla í norður- og austuramtinu, til þess að fje þessu verði varið til að koma á einni búnaðarskólastofnun fyrir nefndar tvær sýslur, þannig að 11000 kr. þaraf verði varið til að kaupa undir skólastofnunina jörðina Eyða í Fljótsdalshjaraði með tilheyrandi jörðum; er skýrt svo frá í brjefi sýslumannsins í Norðurmúlasýslu, er fylgdi með brjefi yðar, að það hafi verið afráðið á «sameinuðum fundi að Miðhúsum 11. sept. f. á. að kaupa nefnda jörð undir búnaðarskóla þann, sem í ráði er að stofna, fyrir 11000 kr.», en ekki tekið fram, hvort samþykkt hafi verið að taka lán til þessara jarðakaupa, og því síður, hvort samþykkt hafi verið að taka hærra lán en jarðarverðið.

Útaf þessu skal jeg geta þess, að ekkert er því til fyrirstöðu, að eptir löglegan undirbúning verði veitt lán úr viðlagasjóði að upphæð 17000 kr. til búnaðarskóla stofn-

81 unar í Múlasýslum; en þar sem Múlasýslurnar eru tvö sýslufjelög, er hvort um sig hafa  
25. júní. sinn sjóð, er sýslunefnd hvors fjelagsins hefir umráð yfir, verður hvor sýslunefndin fyrir sig, eptir þar um gjörðri löglegrí ákvörðun samkvæmt sveitastjórnarlögunum að beiðast tiltekinnar fjárupphæðar að láni úr landssjóði og skuldbinda sig til að endurborga þá upphæð með lögformlegu skuldabrefji, er afhent verði jafnframt því, að lánið verði útborgað úr jarðabókarsjóðnum.

82 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um lög-  
27. júní. gildingu handa umboðsmönnum lögreglustjóra við skipaafgreiðslu. — Þjer hafið, herra amtmáður, með þóknanlegu brjefi 22. f.m. sent mjer sýnishorn af umburðarbrjefi, er þjer að fyrirlagi mínu hafið látið út ganga til lögreglustjóra þeirra, sem undir yður eru gefnir, útaf brjefi ráðgjafans 2. s. m., viðvíkjandi kærur Færeyinga yfir ýmsum ákvörðunum í lögum 4. nóv. 1881 um útflutningsgjald af fiski og lýsi m. fl., og um leið hafið þjer beiðst leiðbeiningar minnar um það, hvort eigi nægi, að lögreglustjórar gefi umboðsmönnum sínum á hinum löggiltu kaптúnunum umboð sitt til að takast á hendur skipaskjalageymslu þá, sem um er rætt í brjefinu, eða hvort amtið eigi beinlínis að löggilda umboðsmennina til þessa sjerstaklega með nýrri löggildingu.

Útaf þessu vil jeg þjónustusamlega gefa yður til vitundar, að jeg álít það nægilegt, sem þjer hafið gjört í umburðarbrjefinu, að fela lögreglustjórunum að gefa löggiltum umboðsmönnum þeirra umboð til skjalageymslunnar, án þess að til þess þurfi nýrrar löggildingar af amtinu.

83 Brjef landshöfðingja til G. Emil Unbehagen um leyfi til að flytja á land út-  
2. júlí. lent kvikfje. — Útaf brjefi yðar, 30. f. m., skal yður hjermeð til vitundar gefið, að sem stendur get jeg eigi gefið leyfi til, að skepnur þær, er um getur í brjefi yðar, verði fluttar á land; en ef þjer sannið það með vottorði frá dýralækni, að skepnur þessar sjeu fullkomlega heilbrigðar, og skýrið mjer frá, hvert þær, að fengnu samþykki hlutaðeigandi jarðeiganda, óskast fluttar á land, og sömuleiðis hvað þjer getið gjört til tryggingar því, að þeim verði haldið útaf fyrir sig og tilhlýðilega gætt, þá getur það komið til íhugunar seinna meir, hvort hið umbeðna leyfi geti orðið veitt.

## Reikningar

sem eru undir stjórn amtmannsins í norður- og austuramtinu.

*Jafnaðarsjóður norður- og austuramtsins 1882.*

| Tekjur. |                                                  | kr.  | aur. | kr.  | aur. |
|---------|--------------------------------------------------|------|------|------|------|
| 1.      | Eptirstöðvar eptir reikningnum 1881.             |      |      |      |      |
|         | a. Fyrirfram borgað úr sjóðnum . . . . .         | 16   | 90   |      |      |
|         | b. í peningum . . . . .                          | 1185 | 99   | 1202 | 89   |
| 2       | Samkvæmt brjefi amtsráðsins 17. desbr. 1881 var  |      |      |      |      |
|         | 16 aurum jafnað niður á hvert lausafjárhundrað í |      |      |      |      |
|         | Flyt . . . . .                                   |      |      | 1202 | 89   |